

# Markaðskönnun á trampólínum

## Júní 2004

### Inngangur:

Notkun og framboð trampólína hefur aukist síðustu 2-3 ár. Samfara því hefur slysum og óhöppum fjölgað meðal barna og unglinga. Rannsóknir bæði í USA og Noregi sýna að meirihluta slysanna má rekja til þess hvernig trambólínin eru notuð en ekki þess að varan sé hættuleg. Hér á markaði má almennt segja að til séu tvær tegundir trampólína, lítil hefðbundin trampólín og svo nýrri tegund sem eru mun stærri umfangs eins og sjá má á meðfylgjandi mynd:



Á heimasíðu Löggildingarstofu má finna heilræði um notkun trampólína og eru neytendur eindregið hvattir til þess að kynna sér þær.

[www.ls.is](http://www.ls.is)

Einnig má finna heilræði um notkun trampólína á heimasíðu Árvekni: [www.arvekni.is](http://www.arvekni.is)

### Framkvæmd:

Að beiðni markaðsgæsludeildar Löggildingarstofu framkvæmdi skoðunarstofan Frumherji hf. könnun á merkingum, notkunarleiðbeiningum og viðvörðunar merkingum trampólína sem seld eru hér á landi.

Könnunin fór fram í maí 2004 og var farið í 6 verslanir auk þess sem haft var samband við tvö fyrirtæki er leigja út trambólín. Alls voru skoðaðar fjórar tegundir trampólína en innan hvernar tegundar eru framleiddar mismunandi stærðir.

Tilgangur könnunarinnar var fyrst og fremst að skoða þær tegundir trampólína eru á markaði hér á landi og þá einkanlega hvaða upplýsingar neytandanum er látið í té með vörunni. Könnunin var fyrst og fremst úrtakskönnun og náði því ekki til allra söluaðila né til allra tegunda trampólína sem eru hér á markaði. Eftirfarandi viðmið voru höfð til hliðsjónar við gerð könnunarinnar:

- Eru leiðbeiningar um notkun, samsetningu og viðhald fyrir hendi.
- Eru leiðbeiningar auðskiljanlegar og á íslensku?

- Hvaða merkingar eru á vörunni s.s. CE merking, tilvísun í staðla, prófanir eða annað.
- Hvernig er frágangi vörunnar háttáð, eru gormar og rammi vel varinn.
- Hvernig er varan seld, hvaða upplýsingar fær kaupandinn þegar sala fer fram.
- Kemur fram hvort um er að ræða trampólín til leiks eða æfinga.
- Aðrar upplýsingar.

### Niðurstöður:

Könnunin leiddi í ljós að í engu tilfelli fylgdu íslenskar leiðbeiningar með trampólínunum.

Með hliðsjón af því hversu notkunar-, samsetningar, og viðhaldsleiðbeiningar eru mikilvægar þá telst það vera ófullnægjandi. Ekki er hægt að gera þá kröfu að íslenskir neytendur geti í öllum tilfellum lesið og skilið leiðbeiningar á erlendum tungumálum. Neytendum af erlendu bergi brotið hefur fjölgað á Íslandi og því telst það ekki vera ásættanlegt að leiðbeiningar séu einungis á norðurlandamáli.

Hvergi var tilgreint hvort trampólín væri ætlað til leiks eða æfinga en æfinga trampólín fjaðra mun meira en trampólín ætluð til leiks enda er virkni þeirra önnur og þau ætluð til æfinga og keppni. Af leiðbeiningum um uppsetningu mátti hins vegar ljóst vera að þau væru frekar ætluð til leiks.

Aldursmerkingar voru fyrir hendi í þremur tilfellum og í einu tilfelli fylgdu merkingar um hámarksþyngd notanda.

	<b>Í lagi</b>	<b>Athugasemdir</b>
<b>Eru leiðbeiningar um notkun, samsetningu og viðhald fyrir hendi</b>	Í lagi í 4 tilfellum	Trampólín leigt með starfsmanni. Spurning á því ekki við.
<b>Eru leiðbeiningar auðskiljanlegar og á íslensku</b>		Engar leiðbeiningar voru á íslensku, einungis á ensku, dönsku, sænsku, þýsku og norsku. Starfsmaður fylgir útleigu. Leiðbeiningar með myndum í einu tilfelli.
<b>Hvaða merkingar eru á vörunni s.s. CE merking, tilvísun í staðla, prófanir eða annað</b>	Í þremur tilfellum voru CE merkingar staðar auk aldursviðvörunar merkingar: "Age + 6". Merkingar um hámarksþyngd í einu tilfelli.	Merking ekki sýnileg í einu tilfelli.
<b>Hvernig er frágangi vörunnar háttáð, eru gormar og rammi vel</b>	Í lagi, einnig hjá aðilum er leigja út trampólín. Gormar vel varðir og högg	Í einu tilfelli var trampólín uppblásið og hægt að snúa við og nota sem sundlaug.

<b>varinn</b>	dempandi klæðning og rammi þekur vel.	Gormar því ekki fyrir hendi.
<b>Hvernig er varan seld, hvaða upplýsingar fær kaupandinn þegar sala fer fram.</b>	Í öllum tilfellum var varan seld ósamsett í umbúðum. Samsetningar leiðbeiningar fylgdu.	Á ekki við um leigur – starfsmaður setur upp og fylgir tæki.
<b>Kemur fram hvort um er að ræða trampolín til leiks eða æfinga</b>		Í einu tilfalli var tilgreint að tæki væri til leiks en annars ekki tiltekið sérstaklega.
<b>Aðrar upplýsingar</b>		Í einu tilfalli var mælt með notkun hlífðarnets og var það selt aukalega í verslun.

30. 06. 2004

Fjóla Guðjónsdóttir

Deildarstjóri markaðsgæsludeildar